

Dómsmálaráðuneytið

Reykjavík, 13. september 2024

Meðfylgjandi er umsögn Rauða krossins á Íslandi um drög dómsmálaráðuneytisins að breytingu á reglugerð um útlendinga nr. 540/2017.

Virðingarfyllst,  
f.h. Rauða krossins á Íslandi



Kristín S. Hjálmtýsdóttir,  
framkvæmdastjóri

## UMSÖGN RAUÐA KROSSINS Á ÍSLANDI

um  
drög dómsmálaráðuneytisins að  
breytingu á reglugerð um útlendinga nr. 540/2017.

Rauði krossinn á Íslandi þakkar tækifærið sem hér gefst til umsagnar á drögum að breytingu á reglugerð um útlendinga nr. 540/2017.

Rauði krossinn á Íslandi stendur vörð um mannréttindi og virðingu einstaklinga og vinnur að málefnum umsækjenda um alþjóðlega vernd og flóttafólks í samvinnu við stjórnvöld og Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna. Rauði krossinn hefur um langt árabil sinnt umfangsmikilli þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd og einstaklinga með vernd, m.a. á grundvelli samninga við stjórnvöld. Eftirfarandi umsögn félagsins er fyrst og fremst mótuð af því hlutverki sem og hagsmunagæslu hreyfingarinnar fyrir viðkvæma hópa á borð við flóttafólk og farendur.

Rauði krossinn á Íslandi starfar ávallt samkvæmt grunngildum hreyfingarinnar um mannúð, óhlutdrægni og hlutleysi og stefnu Alþjóðahreyfingar Rauða krossins og Rauða hálfmánans í málefnum farenta.

### **Athugasemdir við drögin**

Rauði krossinn hefur áður í umsögnum sínum vakið athygli á því hversu erfiður langur biðtími er fólki sem sækir um fjölskyldusameiningu. Það á bæði við um umsóknartímann sjálfan sem og þann tíma sem tekur við eftir samþykkt þar til fólk kemst til landsins, sem oft getur tekið marga mánuði. Þessi tímabil geta verið þeim einstaklingi sem staddur er hér á landi mjög þungbær. Samhliða áhyggjum af afdrifum þessara nánu fjölskyldumeðlima, sem oft og tíðum búa við óviðunandi og mjög óruggar aðstæður, þarf þessi einstaklingur að halda áfram sínu aðlögunarferli sem felst í að læra á nýtt umhverfi, menningu, tungumál, gerast þátttakandi á vinnumarkaði og að auki undirbúa komu fjölskyldunnar. Eins og gefur að skilja er þessi langa bið þeim sem bíður erlendis ekki síður þungbær. Það er tæplega hagur íslensks samfélags að reyna að fresta fjölskyldusameiningum sem lengst, sameiningum sem munu verða að lokum, en þá að undangengnum enn lengri og erfiðari aðskilnaði með þeim fórnarkostnaði sem fylgir.

Með lögum nr. 68/2024 hefur nú verið sett skilyrði um að einstaklingur sem nýtur alþjóðlegrar verndar skv. 2. mgr. 37. gr. laga um útlendinga nr. 80/2016 hafi fengið dvalarleyfi sitt endurnýjað fyrir framlagningu umsóknar um fjölskyldusameiningu, sbr. b-lið 6. gr. breytingalaganna. Mælt er fyrir um heimild til veitingar undanþága og kveðið á um skyldu ráðherra til að útfæra nánar framkvæmd málsgreinarinnar í reglugerð - þeirrar sem hér er til umfjöllunar. Í ljósi ofangreinds og hve íþyngjandi ákvörðun á grundvelli ákvæðisins kann að vera ber brýna nauðsyn til að undanþágurnar séu skýrar og sanngjarnar.

Rauði krossinn skilaði í vor umsögn við ofangreint lagafrumvarp til allsherjar- og menntamálanefndar meðan það var í meðförum þingsins. Þar lýsti félagið yfir áhyggjum af því að undanþáguákvæði vegna fjölskyldusameininga, sem heimilar að víkja frá því skilyrði að fyrst megi sækja um fjölskyldusameiningu í kjölfar endurnýjaðs dvalarleyfis, yrði í framkvæmd mögulega túlkað mjög þröngt. Með þeirri breytingu á reglugerðinni sem nú er lögð til telur félagið að þær áhyggjur hafi verið á rökum reistar.

Félagið gerir eftirfarandi athugasemdir við fyrirleggjandi drög um breytingu á reglugerð um útlendinga nr. 540/2017:

- Undir liðnum *Aðkallandi umönnunarsjónarmið*:

„...aðeins átt við þau tilvik þegar sá sem rétturinn byggir á var umönnunaraðili maka síns áður en hann yfirgaf heimaríki sitt ...“

Annar aðili en sá sem er hérlendis og umsókn um fjölskyldusameiningu byggir á getur hafa verið megin umönnunaraðili maka síns, t.d. foreldri eða systkini, en aðstæður hafi breyst síðan einstaklingurinn yfirgaf heimaríki sitt og sá umönnunaraðili ekki lengur til staðar. Einnig er vel hugsanlegt að umönnunarpörfin hafi komið til eftir að einstaklingurinn yfirgaf landið, t.d. vegna slyss eða alvarlegra veikinda. Hér ber einnig að líta til kynjasjónarmiða þar sem staða kvenna í upprunaríkjum er iðulega mun viðkvæmari en karla og taka tillit til þess við mat á umönnunarpörfum. Að lokum er hér í raun óljóst hver skilgreining orðsins „umönnunaraðili“ er.

„Þegar byggt er á heilsufari umsækjanda er ekki nægjanlegt að veikindi fáist staðfest með fullnægjandi vottorðum heldur skal einnig liggja fyrir að umsækjanda standi ekki til boða heilbrigðisþjónusta í heimaríki.“

Óljóst er hvað átt er við með orðunum „skal ... liggja fyrir“ Ennfremur, er raunhæft að unnt sé að afla þessara gagna? Jafnan er illmögulegt að verða sér úti um gögn af þessu tagi frá óoruggum ríkjum, séu þau yfirhöfuð til. Einnig geta umönnunarsjónarmið stangast á við sjónarmið sem byggja á heilsufari umsækjanda. Lamaður einstaklingur getur t.a.m. hugsanlega fengið heilbrigðisþjónustu í heimaríki sínu en þurft á umönnun að halda sem stendur honum ekki til boða og aðilinn hér á landi þarf því að sinna.

„Við mat á því hvort aðstæður teljist aðkallandi skal meðal annars höfð hliðsjón af því hve lengi sá útlendingur sem rétturinn byggir á hafi verið aðskilinn umsækjanda og hvort umsækjandi hafi notið annars umönnunaraðila á þeim tíma.“

Óljóst er hvort upptalin atriði hafi áhrif til góðs eða ills fyrir framlagða umsókn.

- Varðandi liðinn *Hefur til umráða húsnæði fyrir aðstandendur* vill félagið vekja athygli á eftirfarandi, einkum í ljósi þess erfiða ástands sem ríkir á húsnæðismarkaði hér á landi. Rauði krossinn leggur þann skilning í orðin „...frá og með þeim tíma sem aðstandendum er veitt dvalarleyfi...“ að umsækjandi sé kominn til Íslands og hefur fengið úthlutað

kennitölu og dvalarleyfisskírteini. Óljóst er nákvæmlega á hvaða tímapunkti sá aðili sem umsókn byggir á þarf að hafa orðið sér úti um leigusamning vegna umrædds húsnæðis og hvernig þessu verði framfylgt í framkvæmd. Ennfremur er óljóst hvernig fer fyrir þeim málum þar sem ekki hefur tekist að finna viðunandi húsnæði þegar dvalarleyfið er veitt. Að lokum bendir félagið á að ekki eru lögð fram rök fyrir því að ekki sé heimilt að framvísa leigusamningi vegna félagslegs húsnæðis á vegum sveitarfélaga.

### **Lokaorð**

Fulltrúar Rauða krossins eru tilbúnir til samtals og gera grein fyrir sjónarmiðum félagsins sé þess óskað.